

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. júlí vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Suðurlandsbraut 34/ Ármúli 31 – Orkureitur.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Suðurlandsbraut 34/ Ármúli 31 – Orkureitur birtist í Fréttablaðinu á morgunn, 22. júlí. Tillagan er í kynningu frá 22. júlí 2021 til og með 6. september 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð: <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/sudurlandsbraut-34-armuli-31-orkureitur>

Suðurlandsbraut 34/ Ármúli 31 – Orkureitur

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 30. júní 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 1. júlí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31, reitur 1.265- Orkureitur. Í tillögunni felst uppbygging íbúða-, verslunar-, þjónustu- og atvinnustarfsemi á fimm reitum á lóðinni. Gert er ráð fyrir allt að 436 íbúðum á lóð ásamt atvinnuhúsnæði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **22. júlí 2021 til og með 6. september 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 6. september 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>